



Alþingi

Erindi nr. D 113 / 755

komudagur 28/2 1991

Reykjavík, 27. febrúar 1991

Fjárhags- og viðskiptanefnd  
neðri deildar Alþingis,  
Reykjavík.

Umsögn um frv. til laga um grundvöli  
lánsviðskipta, réttindi og skyldur  
ábyrgðarmanna o.fl.

Frumvarpið fjallar um að undirstaða lánsviðskipta skuli fyrst og fremst vera byggð á viðskiptatrausti og þeim tryggingum, sem lántaki getur sjálfur lagt fram, þannig að ekki sé krafist ábyrgðar manns (ábyrgðarmanns) sem skuldbindur sig persónulega gagnvart öðrum manni til tryggingar skuldbindingum lántaka (þriðja manns), nema í undantekningartilvikum. Einnig er fjallað um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna m.a. að því er varðar upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka og greiðsluáætlun sem ábyrgðarmaður á að geta haft aðgang að hjá honum sjálfum eða lánastofnun.

Ábyrgðir sem hér er m.a. fjallað um hafa verið nefndar skuldaábyrgðir og eru fólgnar í skuldbindingu aðila (ábyrgðarmanns) um að greiða skuld annars aðila, ef sá greiðir skuldina ekki sjálfur. Í íslenskum rétti er greint á milli tveggja tegunda ábyrgða, þ.e. einfaldrar ábyrgðar og sjálfskuldarábyrgðar. Í stuttu máli er efni einfaldrar ábyrgðar þannig að ábyrgðarmaður er ekki skyldur að inna sína greiðslu af hendi nema skuldareigandi hafi árangurslaust reynt að fá skuldina greidda hjá aðalskuldara, t.d. með árangurslausu fjárnámi. Sé um sjálfskuldarábyrgð að ræða er ábyrgðarmanni skylt að greiða skuldina á gjalddaga jafnvel þótt skuldareigandi hafi engar tilraunir gert til að fá skuldina greidda hjá aðalskuldara. Ábyrgðarskuldbindingar eru

taldar fela í sér einfalda ábyrgð nema öðruvísi sé um samið, lög mæli fyrir á annan veg eða önnur venja sé í þeim lögskiptum sem um er að ræða. Sjálfskuldarábyrgð er í nokkrum tilvikum lögbundin, t.d. lög 93/1933, um víxla, en skv. ákvæðum í þeim lögum getur handhafi víxils valið hvort hann beinir innheimtu víxils að samþykkjanda, útgefanda eða ábekingnum hverjum fyrir sig eða að þeim öllum saman. Hliðstæð ákvæði gilda skv. lögum nr. 94/1933 um tékka. Þannig tekur sá sem framselur tékka á sig ábyrgð á greiðslu hans, nema hann hafi sérstaklega undanskilið sig þeirri ábyrgð. Í íslenskri löggjöf er þess ekki krafist að samningar um skuldaábyrgðir séu formbundnir. Þeir geta því verið jafngildir hvort sem þeir eru skriflegir eða munnlegir.

Með frv. þessu er lagt til að gera ábyrgðartöku eins og hún tíðkast nú að undantekningartilvikum jafnframt því að lánveitendur sem krefjast slíkrar ábyrgðar veiti ábyrgðarmönnum upplýsingar um lántaka og hans fjárhagsstöðu. Þessi þáttur frv. getur talist eðlileg neytendavernd að því marki sem hún er framkvæmanleg. Vanda þarf hinsvegar vel til undirbúnings að slíkri löggjöf og hefur Seðlabankinn ýmsar athugasemdir við þetta frv.

Ekki er skýrt í 1. gr. hvað átt er við með lánastofnun. Í athugasemdum við 1. gr. er ákveðið að með lánastofnun sé átt við: banka, sparisjóði og verðbréfa- fyrirtæki, en ekki frekar skýrt hversvegna fleiri stofnanir falli ekki undir hugtakið. Það mætti minna á hér að sú stofnun (sjóður) sem einna mest lánar út á persónulegar ábyrgðir er Lánasjóður ísl. námsmanna, en veðtrygging er næsta óþekkt þar á bæ. Skv. frv. ná ákvæði þess ekki yfir LÍN eða viðsemjendur hans. Hver sem endanleg niðurstaða verður með skilgreiningu á hugtakinu lánastofnun er lagt til að hún verði sett í frv. sjálft.

Ætla má að nokkuð þætti tafsöm afgreiðsla lána í bönkum og sparisjóðum, ef gera á að skyldu að gerð sé greiðsluáætlun fyrir hvern lántaka og greiðslugeta hans metin. Væntanlega þyrfti að ráða fjölda nýrra starfskrafta til að annast þessi störf, sem leitt gæti til kröfu um rýmri vaxtamun og hærri

vexti innlánsstofnana vegna aukins rekstrarkostnaðar. Einnig má benda á að mikilvæg þjónusta banka við almenning felst í lánum sem afgreiða þarf fljótt.

Í 2. gr. frv. segir að telji lánastofnun að lántakandi hafi ekki það viðskiptatraust eða geti ekki lagt fram sjálfur þær tryggingar sem hún telji fullnægjandi fyrir þeim skuldbindingum sem lántakandi stofnar til gagnvart lánastofnuninni geti hún krafist þess að lántakandi afli sér ábyrgðar annars manns á skuldbindingum sínum. Í umræðum um bankasiðferði sem að undanfögnu hafa farið fram erlendis, er þetta talið stríða gegn góðu siðferði og í Svíþjóð t.d. fengi lánastofnun, sem lánaði fé til lántaka, sem vitað væri að ekki væri borgunarmaður slíks láns gegn ábyrgð þriðja manns, að öllum líkindum ekki viðurkennda aðfararhæfa kröfu á hendur ábyrgðarmanni í slíku tilviki.

Ákvæði 3. mgr. 4. gr. frv. eru nokkuð harkaleg, en skv. þeim virðist einföld neitun ábyrgðarmanns um að lánveitandi hafi kynnt honum efni ábyrgðar geta valdið niðurfalli ábyrgðar. Lánveitandi gæti í ýmsum tilvikum átt erfitt með sönnun, t.d. ef loforð um ábyrgð er gefið munnlega, eins og heimilt er skv. ísl. rétti.

Efni 1. ml. 5. gr. frv. er ætlað að gilda um alla lánveitendur. Vakin er athygli á því hér að innlánsstofnanir uppfylla þar umrædda tilkynningarskyldu í dag á eftirfarandi hátt með stöðluðum tilkynningum frá Reiknistofu bankanna:

Vanskil víxla tilkynnt ábyrgðarmönnum á 7. og 16. degi eftir gjalddaga.

Vanskil skuldabréfa tilkynnt ábyrgðarmönnum á 7. og 30. degi eftir gjalddaga.

Síðarnefndu tilkynningardagarnir hér að ofan eru ítrekanir fyrri tilkynninga, ef þörf krefur.

Orð athugasemda við 5. gr. geta því ekki átt við innlánsstofnanir og eru því engin réttarbót fyrir

viðskiptamenn þeirra. Er vafasamt að ætla að lögfesta reglur sem ganga skemur til verndar ábyrgðarmönnum en nú tíðkast.

Ekki virðist hafa verið skoðað ofan í kjölinn, hvort ákvæði 1. mgr. 6. gr. frv. um að ábyrgðarmaður geti krafist upplýsinga, fari í bága við þagnarskylduákvæði í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Ábyrgðarmaður er að vísu bundinn þagnarskyldu skv. 2. mgr. 3. gr. i.f., en engin ákvæði eru í frv. um meðferð mála eða viðurlög við brotum svo ætla má að ákvæði í ætt við það sem að ofan greinir sé frekar haldlitið eins og það er fram sett.

Tekið skal fram að enginn er skyldugur að gangast í ábyrgð fyrir þriðja mann. Sé hann neyddur til slíks gilda þar um almennar reglur hegningarlaga, sbr. XXVI. kafla þeirra. Við setningu laga eins og hér um ræðir er og nauðsynlegt að meta vandlega hversu langt eigi að ganga í því að taka ábyrgð af einstaklingum í þjóðfélaginu og setja hana á herðar ópersónulegra aðila.

Hér að framan hefur lítillaga verið fjallað um þætti frv. sem betur mættu fara, telja verður óþarfa eða eru óþarflega íþyngjandi fyrir aðila að þeim gerningum sem hér um ræðir. Heildarniðurstaða Seðlabankans í þessu efni er, að frv. þetta þarfnist nánari athugunar og vandi þurfi betur til lagaákvæða sem kunna að verða sett til verndar ábyrgðarmönnum.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

